

## Nýlendan Ísland?

Fim, 03/01/2013 - 20:20 | [Árni Daníel Júlíusson](#)



**Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur**í byrjun árs árið 2009, rétt eftir að mótmæli almennings höfðu felld stjórn Geirs Haarde úr sessi, voru fimm greinar ritaðar um Ísland sem nýlendu í sögulegu samhengi. Þær voru ætlaðar til birtingar í Dagblaðinu Nei. en ekki varð af því að þær birtust þar af einhverjum orsökum, sem ég man ekki nú.

Greinarnar voru hugsaðar sem innlegg í umræðuna um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna út frá sjónarhóli sagnfræðinnar. Staða Íslands í samfélagi þjóðanna var þá ofarlega á baugi vegna hrunsins og þáttar alþjóðavæðingarinnar í henni. Var Ísland á leið í einhvers konar nýlendustöðu vegna hrunsins? Yrði Ísland skuldánýlenda alþjóðlega fjármálakerfisins? Íslenskur almenningur, ýmsir stjórnámálmenn - sérstaklega Ögmundur Jónasson, fylgismenn hans og fleiri - höfnuðu því á árunum 2009-2011 að svo yrði, með baráttunni gegn stefnu ríkisstjórnar Steingríms J. Sigfússonar og Jóhönnu Sigurðardóttur í Icesave-málinu. Greinarnar voru skrifaðar áður en þetta kom á daginn, en þau viðhorf sem þar koma fram eru fullgild eftir sem áður.

Það meginviðhorf sem birtist í greinunum er að Ísland hafi ekki verið nýlenda einhvers nýlenduveldis, t.d. á 19. öld og framan af 20. öld, sem var megingímabil hefðbundinnar kapítalískrar nýlendustefnu. Oft hefur verið talað um að Ísland sé einhvers konar póst-kólóníal samfélag, líkt og Afríkúríki. Í því samhengi er bent á að fyrr á öldum hafi aldrei þróast neins konar borgaralegt samfélag eða kaupmannastétt. Rétt er að lénsk kaupmannastétt varð aldrei til hér, eins og eflidist í Lübeck og Hamborg á 14. og 15. öld og í Kaupmannahöfn á 16. og 17. öld. Þegar um 1800 voru þó orðin til drög að kaupmannastétt hér á landi í Reykjavík, Hafnarfirði og annars staðar, en það er raunar ekki mergurinn málsins að mínu áliti.

Á 17. og 18. öld varð hér mikil endurnýjun varðandi starf ríkisvaldsins í samfélaginu í tengslum við þróun ríkisvalds í dansk-norska ríkinu. Á því tímabili varð til á Íslandi, eins og annars staðar, öflug stétt embættismanna, það sem nefna mætti embættisborgarastétt. Hollenski fræðimaðurinn Norbert Elias telur að sú menntaða stétt lögfræðinga og guðfræðinga sem réði ríkjum í norðurhluta Evrópu á þessum tíma hafi jafnvel skipt meira máli hvað varðar þróun kapítalisma en kaupmannastéttin sjálf. Íslenska embættismannastéttin varð til upp úr landeigendastéttinni íslensku, rétt eins og hliðstæð stétt í Danmörku, Þýskalandi og víðar.

Þessi stétt átti lykilþátt í þeim miklu breytingum sem urðu í þessum löndum um 1800, þegar nýjungar í samfélagsmálum og tækni sem uppruna áttu í Hollandi og Bretlandi voru teknar upp í stórum hlutum Evrópu, Norðurlöndunum, Þýskalandi, Frakklandi, Norður-Ítalíu og víðar. Alls staðar hófst hagvöxtur og mönnum varð starsýnt á miklar tækninýjungar eins og gufuvélar og járnbrautir. Meginþáttur breytinganna var þó umskipti í því hvaða stétt var handhafi ríkisvaldsins. Áður hafði það verið aðalsstéttin með landeignum sínum og yfirráðum yfir leiguliðastéttinni, en nú var henni smám saman steipt af stóli í sveitunum og þær innlimaðar í kapítalíska hagvaxtarþróun. Bændur eignuðust

## Nýlendan Ísland?

Published on Attac á Íslandi (<http://attac.is>)

---

jarðir sínar og fóru að framleiða til sölu á kapitalískum markaði. Ríkisvaldið var nú í höndum borgarastéttarinnar, sem skipulagði samfélagið með því út frá eigin þörfum.

Þessi þróun var algerlega hliðstæð hér á landi og í nágrannalöndunum. Að minnsta kosti er ljóst að hagvöxtur hófst hér upp úr 1800 og staða sveitanna gagnvart markaðnum gjörbreyttist. Skilningur á þessu er ekki síður mikilvægur nú en 2009, þegar greinarnar voru skrifaðar, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu um þjóðfélagsbýltingu hér á landi og annars staðar sem hefur orðið eftir Búsáhaldabýltinguna. Hvað er býlting? Hvernig verður hún og hvenær? Hvernig tengist það málefnum sem nú eru ofarlega á baugi eins og umsókn um aðild að Evrópusambandinu? Í eftirfarandi greinum eru lagðar fram nokkrar hugmyndir sem vonandi geta nýst í þeirri umræðu.

### [Nýlendan Ísland 1 - til 1914](#)

[Nýlendan Ísland 2: Tímabilið 1900-1940](#)

[Nýlendan Ísland 3: Tímabilið 1940-1950](#)

[Nýlendan Ísland 4: Tímabilið 1950-1990](#)

[Nýlendan Ísland 5: Um 1990](#)

- [Ísland](#)

**Source URL:** <http://attac.is/greinar/n%C3%BDlendan-%C3%ADsland>